



Frumvarp til fjárlaga 2020 – slakað á aðhaldi til að mæta efnahagssamdrætti

Fjárlagafrumvarp – helstu áherslur

Fjárlögum er jafnan ætlað að koma helstu áherslumálum ríkisstjórna í verk. Miðað við núverandi verklag koma helstu áherslur fyrst fram í fjármálastefnu og fjármálaáætlun og eru síðan útfærðar nánar í frumvarpi til fjárlaga.




Sé litið á helstu áherslur í fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi má fyrst nefna skattalækkanir og breytingar á tekjuskatti einstaklinga. Lagt er til að nýtt tekjuskattkerfi verði innleitt á næstu tveimur árum í stað þriggja ára eins og ætlunin var upphaflega. Núverandi grunnþrep tekjuskatts verður lækkað og tekið upp nýtt miðþrep þannig að tekjuskattþrepin verða þrjú. Um næstu áramót lækkar lægsta þrep úr 36,94% í 35,04% og í upphafi ársins 2021 lækkar lægsta þrep í 31,44%. Samhliða verða gerðar breytingar á persónuafslætti og þar með skattleysismörkum sem flækja myndina töluvert.

Markmið breytinganna er einkum að hækka ráðstöfunartekjur tekjulágra einstaklinga og er það gert í samræmi við yfirlýsingar í tengslum við gerð kjarasamninganna frá því í vor. Í nýju nefndarálitni meirihluta fjárlaganefndar er t.d. sagt að ráðstöfunartekjur einstaklinga með mánaðarlaun á bilinu 325–600 þús.kr. muni hækka um 70–120 þús. kr. á ári þegar þessar aðgerðir hafa verið framkvæmdar að fullu.

Aðrar helstu áherslur eru að tryggingagjald mun lækka um 0,25 prósentustig á næsta ári sem er seinni hluti 0,5 prósentustiga lækkunar sem framkvæmd er á tveimur árum. Fæðingarorlof lengist úr níu mánuðum í tíu. Þá er framlag til barnabóta aukið um 1 ma.kr. og stofnframlög til íbúðabygginga verða einnig hækkuð.

Er opinber fjárfesting nógu mikil?

Stjórnvöld telja aukningu í fjárfestingum hins opinbera verða myndarlega á næstu árum og þau





hafa ítrekað bent á, að mikilvægt sé að ekki myndist fjárfestingahalli til lengri tíma sem gangi gegn markmiðum um sjálfbærni opinberra fjármála. Nú er bent á að árið 2017 hafi fjárfesting í efnislegum eignum numið u.þ.b. 36 mö.kr. en í frumvarpi fyrir næsta ár sé gert ráð fyrir fjárfestingu upp á 72,4 ma.kr., eða tvöföldun frá árinu 2017. Hækkunin frá árinu 2019 nemi rúmum 10 mö.kr. sem sé aukning um 17%.


Ein veigamesta tillaga meirihluta fjárlaganefndar um breytingar er lækun á fjárveitingu til nýbyggingar Landspítalans um 3,5 ma.kr., að sögn vegna tafa við framkvæmdir. Að öðru jöfnu þýðir þetta að opinberar fjárfestingar á næsta ári verða 3,5 mö.kr. minni en ella hefði orðið.

Það er tæplega hægt að segja að stórfellt átak hafi orðið í opinberum fjárfestingum á síðustu misserum á sama tíma og mikið hefur dregið úr atvinnuvegafjárfestingu. Gallinn við sértækar ríkisfjármálaaðgerðir á fjárfestingarhlið ríkisfjármála til að mæta hagsveiflum er að erfitt er að tímasetja aðgerðir nákvæmlega. Það helgast bæði af ýmiskonar vandamálum við mat á stöðu hagsveiflunnar út frá ófullkomnum þjóðhagsgögnum, og ekki síður vegna tafa við að ráðast í framkvæmdir þegar ákvörðun hefur loks verið tekin. Því er ávallt sú hættu til staðar að þegar fyrirhugaðar opinberar framkvæmdir komast loks á fullt skrið þá hafi hagkerfið þegar breytt um stefnu og aðgerðin hafi á endanum sveiflumagnandi áhrif í stað þess að vera sveiflujafnandi.

Slökun á aðhaldi


Þegar fjármálastefnan var endurskoðuð í vor var stefnt að því að aðhaldsstig opinberra fjármála myndi ekki bæta við þá minnkun hagvaxtar sem þá var reiknað með. Með breytingunum var því dregið úr fyrri markmiðum um afgang af heildarafkomu hins opinbera og gert var ráð fyrir sérstöku óvissusvigrúmi sem næmi 0,8% af vergri landsframléiðslu sem skyldi ná til árunna 2019–2022. Þessum slaka á aðhaldsstigi í ríkisfjármálum er ætlað að auka ráðstöfunartekjur og auka almenna eftirspurn. Seðlabankinn hefur áætlað að þetta muni skila um 0,5% framlagi til hagvaxtar og um 2% aukningu í einkaneyslu á árunum 2020–2022.

Tillögur til breytinga á fjárlagafrumvarpi 2020




Heimild: Alþingi

Helstu tillögur um útgjaldahækkanir



Heimild: Alþingi

Helstu tillögur um lækkun útgjalda



Heimild: Alþingi



Ekki lagðar til miklar breytingar á frumvarpi


Breytingartillögur meirihluta fjárlaganefndar fela í sér 10,4 ma.kr. lækkun tekna og lækkun útgjalda upp á u.þ.b. 0,5 ma.kr. Niðurstaðan verður því u.þ.b. 9,7 ma.kr. halli á fjárlögum næsta árs. Hallinn nemur samkvæmt þessu um 0,3% af vergri landsframleiðslu en óvissusvigrúmið hljóðaði upp á hámark 0,8% af VLF fyrir árin 2019-2022.

Skattar á tekjur og hagnað lækka um 7,3 ma.kr. og munar þar mestu um lækkun á tekjuskatti fyrirtækja vegna minni hagnaðar. Þá er áætlað að skattar á vöru og þjónustu lækki samtals um 5,1 ma.kr.

Litlar breytingar

Breytingar í kringum fjárlagafrumvarpið fyrir 2020 eru ekki miklar hvort sem litið er á breytingar milli ára eða breytingar frá upphaflegu frumvarpi. Með lögnum um opinber fjármál hefur myndast mun meiri festa en áður var í ríkisfjármálum. Fyrirsjáanleikinn er mun meiri en áður var og breytingar mun minni.

Helstu tillögur um tekjulækkanir



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.